

# Lykilskilaboð fyrir sérfræðinga í sýkingavörnum og faraldsfræðinga á sjúkrahúsum

## Verkefni

- Þitt verkefni er að tryggja að grunnatriði áætlunar um sýkingavarnir séu framkvæmd [82,84,85] [samhljóða sérfræðiálit]. Slíkar aðgerðir eru t.d.:
    - kennsla og þjálfun,
    - stefnur og vinnuferlar,
    - smitgátartækni og klínísk inngrip,
    - handþvottur,
    - hreinsun verkfæra og búnaðar;
    - afmengun umhverfis,
    - vatnsöryggi,
    - bólusetning heilbrigðisstarfsfólks sem og heilbrigði í starfi,
    - samstarf við lýðheilsustofnanir,
    - innleiðing sýkingavarna- og stjórnunar í allar stefnur og
    - að tryggja að allt starfsfólk, frá æðstu stjórnendum til starfsfólks deilda, geri sér grein fyrir sínu hlutverki í sýkingavörnum.
  - Önnur verkefni eru [31,42,56,82,85-87]:
    - Samþætting eftirlits-, varnar- og stjórnunaráætlana á sjúkrahúsum í tengslum við spítalasýkingar;
    - Sjá til þess að leiðbeiningar, aðferðarlýsingar og gátlistar fyrir sýkingavarnir og -stjórnun sé aðgengilegt til að koma í veg fyrir spítalsýkingar og smitun örvera
    - Miðlun upplýsinga um sýklalyfjaónæmismynstur og niðurstöður sýklarannsóknna;
    - Fylgjast með því að viðmiðunarleiðbeiningum fyrir sýkingavarnir og -stjórnun sé fylgt;
    - Eftirlit og miðlun gagna um sýkingaæftirlit;
    - Tryggja að áætlanir í sýklalyfjastjórnun séu til staðar ásamt áætlunum um sýkingavarnir og -stjórnun;
    - Símenntun fyrir allt heilbrigðisstarfsfólk í tengslum við sýkingavarnir og íhlutandi aðgerðir til að draga úr smiti bæði sýklalyfjanæmra og ónæmra baktería.
- Dæmi
- Grikkland - Þriggja ára fjölþættri áætlun um sýkingavarnir til að ná tókum á útbreiðslu karbapenem-ónæmra baktería á blóðsjúkdómadeild háskólasjúkrahúss leiddi til færri sýkinga af völdum þessara baktería [88].

4. Ítalía – Fjögurra ára sýkingavarnaáætlun fækkaði tilfellum sýkinga og bólfestu baktería með karbapenem-ónæmi á háskólasjúkrahúsi. Áætlunin fól í sér aðgerðir sýklalyfjastjórnunar sem beindust gegn notkun karbapenem sýklalyfja [62].
5. ECDC skráin (tengill) inniheldur lista yfir upplýsingar á netinu um varnir gegn og stjórnun spítalasykinga.

## Það sem þú getur gert

---

6. Gerðu leiðbeiningar um sýkingavarnir og varnarráðstafanir til að draga úr spítalasykingum og örverusmiti aðgengilegar. Þessar leiðbeiningar geta innihaldið leiðbeiningar, aðferðarlýsingar og gátlista [samhljóða sérfræðiálit].
7. Skipulegðu og kynntu fræðsluviðburði, námskeið og fundi í samstarfi við stjórnendur sjúkrahússins til að efla sýkingavarnir á meðal alls heilbrigðisstarfsfólks (t.d. handþvottur, varúðarráðstafanir í tengslum við snertingu, virkt eftirlit og hreint umhverfi) [89].
8. Ef þú sérð samstarfsfólk á sjúkrahúsi eða heilbrigðisstofnun brjóta gegn viðmiðunarleiðbeiningum eða aðferðarlýsingum, spurðu af hverju það gerði það og láttu það fá upplýsingar til þess að það geri sér grein fyrir mistökum sínum [69] [samhljóða sérfræðiálit].
9. Samhæfðu eftirlit með sýkingum innan heilbrigðisstofnunar með því að nota bæði [82,85] [samhljóða sérfræðiálit]:
  - Könnun á stundaralgengi, sem gefur mynd af fjölda sjúklinga með spítalasykingar á sjúkrahúsinu á ákveðnum tíma, og
  - Langtíma eftirlit með nýgengi spítalasykinga (t.d. á gjörgæsludeildum eða fyrir sérstakar tegundir sýkinga).
10. Notaðu staðbundin gögn um spítalasykingar, settu staðbundin markmið og greindu þá staði þar sem þörf er á frekari sýkingavörnum [82,85] [samhljóða sérfræðiálit].
11. Fylgstu með hversu áhrifaríkar ákveðnar forvarnaraðgerðir eru við að fækka smiti baktería sem eru með sýklalyfjaónæmi [82,85] [samhljóða sérfræðiálit].
12. Þjálfðu heilbrigðisstarfsfólk reglulega í innleiðingu skilvirkra varnaráætlana [82,85] [samhljóða sérfræðiálit].